

# Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum

Skýrsla 15 (29. og 30. kennslustund)

Vogaskóli, 15. nóvember 2008

Sigurbjörg Hallgrímsdóttir og Unnur Gunnarsdóttir umsjónarkennarar 4. S.U.

**Að setja sig í spor gagnstæðs kyns – leikræn tjáning**  
Þessi skýrsla er framhald af skýrslu 12!

**Eftir bekkjarumræður um heimaverkefni barnanna þar sem þau settu sig í spor gagnstæðs kyns léku börnin gagnstætt kyn.**



Kennari útbjó miða með þremur leikaðstæðum: fótolti, snú, snú og frímínútur. Börnunum var skipt í fjögurra barna hópa, strákar saman og stelpur saman. Þau drógu miða með leik og undirbyggju stuttan leikþátt þar sem þau léku gagnstætt kyn. Þau áttu að semja stuttan leikþátt með upphafi, miðju og endi. Þau fengu u.þ.b. 5 mínútur til að undirbúa sig og sýndu svo hinum hópunum. (Börnin eru von því að undirbúa stutta leikþætti með litlum fyrirvara). Í leikþáttunum höfðu stelpurnar ýmsa takta eftir strákunum og strákar í stelpuhlutverkum fóru að gráta þegar þeir meiddu sig. Einnig lögðu börnin áherslu á að breyta röddinni.



Þetta varð meiri skemmtun en lærdómur. Sem er náttúrulega allt í lagi. Um að gera að hafa sprell og gaman! Í rauninni setjum við kennararnir spurningamerki við hversu miklu það skilar að börnin leiki gagnstætt kyn. Sérstaklega þegar við viljum hafa áhersluna á því að kynferðið skiptir ekki meginmáli þegar horft er til þess hvernig persónur við erum, engir tveir eru eins óháð kyni.

